

REGLUGERÐ

56
6. júní

um

breytingu á reglugerð 10. september 1919 fyrir Suður-Múlasýslu,
um refaveiðar, notkun afrétta, fjallskil o. fl.

1. málsgrein 18. greinar hljóði þannig:

Þrjár skulu vera fjallgöngur hvert haust. Skal byrja hina fyrstu á mánudag í 22. viku sumars, hina aðra á mánudag í 23. viku sumars og hina þriðju á mánudag í 24. viku sumars. Ef veður hamlar göngum eða ónýtir á réttum göngudögum, skal taka næsta dag, er veður leyfir.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júní 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

57
12. júní

um

breyting á fjallskila-reglugerð 2. júní 1921 fyrir Mýrasýslu.

62. gr. hljóði þannig:

Við hvert sláturhús eða aðra slátrunarstaði, skal vara markaeftirlitsmaður um aðalsláturtímann, kosinn af sýslunefnd. Fyrir starf sitt fær hann þóknun frá félaginu eða kaupmanni, er ekki skal minni vera en dagkaup almennt. Hann skal athuga mark og rekstrarmerki á hverri kind áður eða um leið og hún er leidd til slátrunar, og hafa vakandi auga á því, að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað. Þyki eftirlitsmanni eignarheimild á kind vafa-

57 söm, er honum skylt að leita upplýsingar um málið þegar í stað eða síðar 12. júní eftir atvikum.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. júlí 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

58
13. júní

REGLUGERÐ

til

**leiðbeiningar skiptaráðendum um auglýsing gjaldþrotaskipta
samkv. lögum nr. 25/1929, 37. gr. 4. mgr.**

1. gr.

Ákvæði fyrstu mgr. 37. gr. laga nr. 25, 1929, um gjaldþrotaskipti, taka aðeins til gjaldþrotabúa, en ekki til dánarbúa þótt þau hrökkvi ekki fyrir skuldum og sæti þrotabúsmeðferð.

2. gr.

Auglýsing skal birt er úthlutunargerð hefir verið samþykkt og skiptum búsins að öðru lokið, enda hafa allir þeir, er ekki hafa fengið kröfur sínar að fullu greiddar úr búinu, mætt á skiptafundi og samþykkt úthlutunina. Ella verður auglýsingu að fresta unz áfrýjunarfrestur er liðinn án þess áfrýjað hafi verið. Þegar áfrýjað er skiptum skal auglýsing birt er búskiptunum er lokið samkvæmt dómnum.

3. gr.

Í auglýsingu skal greina hvenær skipti hófust og hvenær þeim var lokið, hve háa hundraðstölu lánardrottnar fengu úr búinu, sundurliðað eftir flokkun skuldaraðar, ef forgangskröfur hafa ekki fengizt greiddar að fullu, en annars nægir að geta hundraðstölu greiddrar af almennum kröfum. Greina skal hve eignir búsins námu mikilli upphæð og sundurliða í þrennt hve mikið greiddist: upp í forgangskröfur, kröfur tryggðar með veði og almennar kröfur.